



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Sent í Samráðsgátt stjórnvalda
Borgartún 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. 2. 2024

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands, BSRB og BHM um reglugerð um loftslagsráð. Mál nr. S-8/2024.

ASÍ, BSRB og BHM telja jákvætt að setja eigi reglugerð sem gerir loftslagsráði kleift að starfa áfram og veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald og ráðgjöf í loftslagsmálum. Ráðið hefur verið óstarfhæft síðan skipunartími þess rann út á síðasta ári sem er gagnrýnivert í ljósi þess hve mikilvægu hlutverki ráðið gegnir. Undirrituð heildarsamtök telja þó að endurskoðun á hlutverki loftslagsráðs megi ekki dragast frekar á langinn. Leggja þurfi áherslu á að ljúka endurskoðuninni svo fljótt sem auðið er til að skapa fyrirsjáanleika og festu í kringum starfsemi loftslagsráðs. Undirrituð heildarsamtök launafólks telja einnig jákvætt að reglugerðin kveði á um hvaða þekkingu sé mælt til þess að fulltrúar ráðsins búi yfir. Það er einkar mikilvægt að áhersla sé lögð á að innan ráðsins séu fulltrúar með þekkingu á hagrænum og samfélagslegum greiningum, réttlátum umskiptum og samfélagslegum áhrifum loftslagsbreytinga.

Rúmar valdheimildir ráðherra til að skipa fulltrúa draga úr sjálfstæði ráðsins

Reglugerðin hefur í för með sér töluverða fækkun fulltrúa frá því sem verið hefur. Reglugerðin kveður á um að í ráðinu skuli að hámarki níu fulltrúar eiga sæti. Í lögum um loftslagsmál þar sem fjallað er um skipan loftslagsráðs er ekkert slíkt hámark og hafa allt að 15 fulltrúar sætið í ráðinu hingað til. Undirrituð heildarsamtök gera ekki athugasemdir við hámark á fjölda fulltrúa í ráðinu en telja að útlista þurfi nánar hvaðan fulltrúar ráðsins eigi að koma.

Í reglugerðinni er kveðið á um að ráðið skuli vera skipað fulltrúum frá háskólasamfélaginu, atvinnulífi, sveitarfélögum og umhverfisverndarsamtökum. Í ráðinu skuli að hámarki níu fulltrúar eiga sæti, að formanni og varaformanni meðtöldum. Samkvæmt reglugerðinni er það ráðherra að skipa formann og varaformann. Þannig liggur fyrir hvernig sex sæti af níu verða skipuð en þá á enn eftir að ráðstafa þremur sætum, sem samkvæmt reglugerðinni, er einnig undir ráðherra komið að gera.

Að mati ASÍ, BSRB og BHM er þessi ráðstöfun, þ.e. það svigrúm sem ráðherra hefur til að hafa áhrif á hvernig ráðið er skipað, hvorki til þess fallin að skapa sátt um starfsemi ráðsins né að stuðla að sjálfstæði þess. Hlutverk loftslagsráðs er fyrst og fremst að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf og er því nauðsynlegt að ráðið sé óháð og sjálfstætt, sem það verður ekki ef skipan fulltrúanna er jafn háð mati ráðherra og reglugerðin felur í sér.

Betur færi á að reglugerðin kvæði skýrt á um hverjir aðrir en háskólasamfélag, atvinnulíf, umhverfissamtök og sveitarfélög skuli tilnefna fulltrúa í ráðið.

Launafólk eigi fulltrúa í loftslagsráði til jafns við atvinnulíf

Undirrituð heildarsamtök gera athugasemdir við að ekki sé kveðið á um að fulltrúar launafólks tilnefni fulltrúa í loftslagsráð samkvæmt 4. gr. Reglugerðin kveður á um að



atvinnulífið skuli tilnefna
fullkomlega eðlilegt að
ekki síður en atvinnurekendur.



fulltrúa í ráðið og
verkalýðshreyfingin



því
tilnefni fulltrúa,

Alþýðusamband Íslands hefur átt fulltrúa í loftslagsráði síðustu þrjú ár en það kom einungis til vegna þess að ASÍ óskaði sérstaklega eftir því, eftir að ráðið hafði starfað í einhvern tíma. Í lögum um loftslagsmál nr. 70/2012 er ekki tilgreint að launafólk eða aðilar vinnumarkaðarins skuli eiga sæti í ráðinu og er engin breyting á því í þessari reglugerð.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að réttlát umskipti skuli vera leiðarstef í yfirstandandi umbreytingum. Ein af tveimur meginstoðum réttláttra umskipta er málsmeðferðarréttlæti sem snýr að því að tryggja samráð við þau sem verða fyrir áhrifum af aðgerðum og samfélagsbreytingum vegna loftslagsbreytinga.

Íslensk verkalýðshreyfing er stærsta fjöldahreyfing launafólks og stærstu almannahagsmunasamtök í landinu. Um 92% launafólks á Íslandi er með aðild að stéttarfélagum og er stéttarfélagsaðild hvergi meiri meðal ríkja OECD. Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun samtímans sem mun hafa víðtæk áhrif á efnahag, atvinnulíf, lífskjör og afkomu almennings um allan heim. Það hver áhrifin verða veltur á stefnumótun og aðgerðum: Því er brýnt að launafólk hafi aðkomu að því að rýna og meta aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum. Slíkt verður best tryggt með því að heildarsamtök launafólks eigi fulltrúa í loftslagsráði.

Reglugerðin gerir þar að auki ráð fyrir að innan ráðsins skuli vera þekking á réttlátum umskiptum. Réttlát umskipti eru vinnumarkaðstengt hugtak, byggt á hugmyndafræði sem mótuð var af alþjóðlegu verkalýðshreyfingunni. Í Parísarsáttmálanum er fjallað um mikilvægi réttláttra umskipta og Alþjóðavinnuástandstofnunin gaf árið 2015 út leiðarvísi að stefnumótun til að stuðla að réttlátum umskiptum. Þing Alþjóðavinnuástandstofnunarinnar 2023 samþykkti að leiðarvísirinn skyldi vera leiðarljós aðildarríkjanna við innleiðingu réttláttra umskipta. Íslensk verkalýðshreyfing hefur verið leiðandi í stefnumörkun tengdri réttlátum umskiptum og er sá aðili hér á landi sem býr yfir mestri þekkingu í þessum málum og sem leitað er til varðandi þau. Það liggur því beinast við að heildarsamtök launafólks tilnefni fulltrúa í ráðið sem hafi þekkingu á þessum málefnum.

Þá er brýnt að jafnvægis sé gætt á milli fjölda fulltrúa frá atvinnulífi (fyrirtækjum) og vinnumarkaði (launafólki) í loftslagsráði. Fram að þessu hafa fjórir fulltrúar setið í ráðinu frá atvinnulífinu en þeir hafa verið tilnefndir af Festu, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Bændasamtökunum. Einungis einn fulltrúi hefur setið í ráðinu fyrir hönd launafólks (ASÍ). Það er augljóst að þar skortir jafnræði milli aðila.

Ungt fólk eigi fulltrúa í loftslagsráði

ASÍ, BSRB og BHM telja einnig nauðsynlegt að ungt fólk eigi fulltrúa í ráðinu. Veigamikil rök hníga að því að ungt fólk eigi sérstakan fulltrúa í ráðinu, umfram aðra aldurshópa. Það mun koma í hlut ungs fólks og komandi kynslóða að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Því er eðlilegt að ungt fólk hafi áhrif á þær aðgerðir sem ætlað er að stemma stigu við áhrifum breytinganna og af aðgerðarleysi ef ekki verður nóg að gert. Hingað til hefur ráherra skipað fulltrúa ungs fólks í ráðið.



Betur fer á að reglugerðin kveði skýrt á um að ungt fólk eigi fulltrúa í loftslagsráði sem það tilnefnir sjálf, í stað þess að vera upp á náð og miskunn ráðherra komið með hvort það eigi fulltrúa í ráðinu eður ei.

Virðingarfyllt,

F.h. Alþýðusambands Íslands, BSRB og BHM

Auður Alfa Ólafsdóttir
sérfræðingur hjá ASÍ

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir
hagfræðingur BSRB

Kolbrún Halldórsdóttir
formaður BHM